

---

## Minnisblað

Dagsetning: 4. nóvember 2021  
Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir  
Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra  
Málsnúmer/skjalalýkill: 21011462

---

### Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi stöðu COVID-19 faraldursins innanlands og tillögur að sóttvarnaaðgerðum.

---

Frá því að að öllum sóttvarnaaðgerðum var hætt innanlands þann 26. júní sl. og skimunum hjá full bólusettum farþegum hætt þ. 1. júlí sl. þá hafa verið nokkrar sveiflur í daglegum fjölda greindra smita sem haldist hafa í hendur við þær innanlandstakmarkanir sem í gangi hafa verið hverju sinni. Sömuleiðis hefur sá fjöldi sem veikst hefur alvarlega af COVID-19 og þurft á spítalainnlögn að halda sveiflast í takt við daglegan fjölda smita en um 2% af greindum smitum veikjast alvarlega og þurfa á spítalainnlögn að halda.

Áður en til afléttinganna kom um mánaðarmótin júní/júlí sl. þá voru dagleg smit innanlands um 0-2 en fljótlega upp úr mánaðarmótunum fór smitum að fjölga og fjöldi þeirra náði hámarki um mánaðarmótin júlí/ágúst sl.

Hér verður gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið á takmörkunum innanlands vegna COVID-19 frá mánaðarmótum júní/júlí og hvaða breytingar urðu í kjölfarið á faraldrinum.

1. Þann 25. júlí 2021 tók gildi reglugerð nr. 587/2021 um hertar takmarkanir innanlands sem voru eftirfarandi þær helstu:

- Fjöldamörk voru miðuð við 200 manns.
- Nándarmörk voru einn metri.
- Grímuskylda var á illa loftræstum stöðum, þar sem að ekki var hægt að tryggja eins metra reglu á milli ótengdra aðila, í almenningssamgöngum og í starfsemi sem krefst mikillar nándar milli aðila.
- Veitingastaðir, barir og skemmtistaðir máttu vera opnir til kl. 23:00 alla daga vikunnar og 100 manns máttu vera saman í rými.
- Líkamsræktar- og sundstaðir máttu taka á móti 75% af leyfilegum hámarksfjölda gesta.
- Íþróttir: 200 manna hámark áhorfenda og þar gildi grímuskylda. Hámarksfjöldi keppenda var hins vegar 100 manns í sama rými.
- Sviðslistir og aðrir menningarviðburðir: 100 manna hámark á sviði en hámark áhorfenda var 200 manns en þeim skylt að bera andlitsgrímu á meðan viðburði stóð.

*Þessi reglugerð gildi til og með 27. ágúst sl. en á gildistíma hennar fækkaði smitum innanlands úr um 120 á dag í um 60. Innliggjandi sjúklingum á Landspítala fjölgaði hins vegar úr 4 (enginn á gjörgæslu) þ. 24. júlí í 14 (þar af þrír á gjörgæsludeild) þ. 27. ágúst.*

2. Þann 28. ágúst 2021 var sett ný reglugerð um innanlandstakmarkanir nr. 962/2021 og voru eftirfarandi takmarkanir þær helstu:

- Almenn fjöldamörk voru áfram miðuð við 200 manns en fyrir viðburði fyrir allt að 500 manns var krafist neikvæðs hraðgreiningarprófs.
- Nándarmörk voru áfram almennt einn metri en féllu niður á list- og íþróttaviðburðum.

- Grímuskylda var óbreytt innandyra en féll niður á viðburðum utandyra.
- Veitingastaðir, barir og skemmtistaðir máttu áfram vera opnir til kl. 23:00 alla daga vikunnar og 200 manns máttu vera saman í rými.
- Líkamsræktar- og sundstaðir máttu taka á móti 100% af leyfilegum hámarksfjölda gesta.
- Íþróttir: 200 manna hámark áhorfenda gildi áfram og þar gildi grímuskylda innandyra. Hámarksfjöldi keppenda var hins vegar 200 manns í sama rými.
- Sviðslistir og aðrir menningarviðburðir: 200 manna hámark á sviði og hámarks fjöldi áhorfenda var 200 manns en þeim skylt að bera andlitsgrímu á meðan viðburði stóð.
- Einkasamkvæmi voru leyfð lengur en til miðnættis í húsnæði þar sem vínveitingaleyfis var krafist.

*Reglugerðin gildi til 15. september sl. og á gildistíma reglugerðarinnar fækkaði daglegum smitum úr um 50 í um 20. Á sama tímabili fækkaði inniliggjandi sjúklingum á Landspítala úr 14 (þrír á gjörgæsludeild) í sex á dag (þar af tveir á gjörgæsludeild).*

3. Þann 15. september sl. tók gildi reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar nr. 1030/2021 sem gildi til og með 20. október 2021. Samkvæmt reglugerðinni voru eftirfarandi takmarkanir þær helstu:

- Fjöldamörk voru miðuð við 500 manns en fyrir viðburði fyrir allt að 1.500 manns var krafist neikvæðs hraðgreiningarprófs.
- Nándarmörk voru áfram almennt einn metri en féllu niður á sitjandi viðburðum þ.e. list- og íþróttaviðburðum og skólaskemmtunum.
- Grímuskylda var óbreytt þ.e. skylt að nota í almenningssamgöngum og í starfsemi sem krafðist mikillar nándar.
- Veitingastaðir, barir og skemmtistaðir máttu vera opnir til kl. 00:00 alla daga vikunnar og 500 manns máttu vera saman í rými. Vínveitingar mátti aðeins bera fram til sitjandi gesta.
- Líkamsræktar- og sundstaðir máttu taka á móti 100% af leyfilegum hámarksfjölda gesta.
- Íþróttir: 500 manna hámark áhorfenda og þar gildi grímuskylda innandyra. Hámarksfjöldi keppenda var 500 manns í sama rými.
- Sviðslistir og aðrir menningarviðburðir: 500 manna hámark á sviði og hámarksfjöldi áhorfenda var 500 manns en þeim skylt að bera andlitsgrímu á meðan viðburði stóð.
- Einkasamkvæmi voru leyfð lengur en til miðnættis í húsnæði þar sem vínveitingaleyfis var krafist.
- Grunn- og framhaldsskólum var heimilt að halda viðburði fyrir allt að 1.500 gesti að undangengnu neikvæðu hraðgreiningaprófi.

*Á gildistíma reglugerðarinnar jókst hins vegar daglegur fjöldi smita úr um 20 í rúmlega 60. Á sama tíma jókst jafnframt daglegur fjöldi inniliggjandi sjúklinga úr sex (þar af tveir á gjörgæsludeild) í átta (enginn á gjörgæsludeild).*

4. Þann 20. október 2021 tók gildi reglugerð nr. 1177/2021 sem nú er í gildi og gildir hún til og með 17. nóvember 2021. Samkvæmt reglugerðinni þá eru helstu takmarkanir þessar:

- Fjöldamörk eru miðuð við 2.000 manns en fyrir stærri viðburði er krafist neikvæðs hraðgreiningarprófs.
- Nándarmörk eru áfram almennt einn metri en falla niður á sitjandi viðburðum þ.e. list- og íþróttaviðburðum og skólaskemmtunum.
- Grímuskylda er felld úr gildi og gerð valkvæð. Hvatt er til notkunar grímu ef ekki er hægt að virða eins metra nálægðarmörk.
- Veitingastaðir, barir og skemmtistaðir mega vera opnir til kl. 01:00 alla daga vikunnar.
- Líkamsræktar- og sundstaðir mega taka á móti 100% af leyfilegum hámarksfjölda gesta.

- Íþróttir: 2.000 manna hámark áhorfenda gildir og engin grímuskylda. Hámarksfjöldi keppenda er 2.000 manns í sama rými.
- Sviðslistir og aðrir menningarviðburðir: 2.000 manna hámark á sviði og hámarks fjöldi áhorfenda í rými er 2.000 manns. Engin grímuskylda.
- Einkasamkvæmi eru leyfð lengur en til miðnættis í húsnæði þar sem vínveitingaleyfis er krafist.

Frá því að reglugerðin tók gildi þ. 20. október sl. hefur daglegum fjölda smita fjölgað úr um 60 í um 90. Á sama tíma hefur innliggjandi sjúklingum á Landspítala fjölgað úr átta (enginn á gjörgæsludeild) í 16 ( fjórir á gjörgæslu og þar af einn á hjarta- og lungnavél og tveir á öndunarvél). Auk þess liggur einn á Sjúkrahúsinu á Akureyri og þarf sá á aðstoð öndunarvélar að halda.

### ***Samantekt á núverandi bylgju.***

Í yfirstandandi bylgju faraldurins sem hófst um miðjan júlímánuð 2021 hafa tæplega 7.300 einstaklingar greinst með COVID-19, um 160 lagst inn á sjúkrahús (2,2%), 33 lagst inn á gjörgæsludeild, 17 þurft á aðstoð öndunarvélar að halda, einn þurft að fara í hjarta- og lungnavél og fjórir látist.

Um 60% þeirra sem greindust voru full bólusettir og um 50% þeirra sem lögðust inn á sjúkrahús og þurftu á gjörgæsluinnlögn að halda voru full bólusettir. Ljóst er hins vegar að áhætta á smiti hjá óbólusettum er þreföld miðað við bólusetta, áhætta á innlögn vegna COVID-19 er fimmföld og áhætta á gjörgæsluinnlögn er sexföld.

Af framangreindu er ljóst að afléttingar undanfarinna vikna hafa leitt til hraðrar útbreiðslu COVID-19 hér á landi með þeim afleiðingum að mikill fjöldi hefur veikst alvarlega og þurft á spítalainnlögn að halda. Þetta hefur gerst þrátt fyrir útbreidda bólusetningu gegn COVID-19. Þó að spítalakerfið á Íslandi sé ekki komið á neyðarstig á þessari stundu má telja sterkar líkur á að ef ekki verður brugðist við með takmörkunum innanlands þá mun ekki líða langur tími þar til að neyðarástand skapast í heilbrigðiskerfi landsins (sérstaklega spítalakerfinu) með ófyrirséðum afleiðingum. Bent skal á að innlögnum fjölgaði mun hraðar í 4. bylgju þar sem delta-afbrigðið var ráðandi heldur en í fyrri bylgjum.

### ***Tillögur að aðgerðum.***

Ég legg því til, að brugðist verði við núverandi ástandi sem fyrst með þeim takmörkunum sem nýst hafa til þessa í faraldrinum og þá sérstaklega í núverandi bylgju.

Ég tel mikilvægt að reynt verði að stefna að því að ná daglegum fjölda smita niður í um 40-50 og halda þeim fjölda með viðeigandi takmörkunum þar til betra samfélagslegt ónæmi næst með örvunarskammti bólusetninga (þriðja skammti) eða náttúrulegri sýkingu. Reynslan undanfarið hefur sýnt að innviðir, bæði heilbrigðiskerfið sem og smitrakning, ráða við þann fjölda smita. Einnig verði gert allt sem hægt er til að ná til þeirra sem eru enn óbólusettir.

Þar sem að ljóst er að gott hjarðónæmi næst ekki með núverandi fyrirkomulagi bólusetning þá tel ég mikilvægt að stefnt verði að því að ná sem flestum landsmönnum í örvunarbólusetningu. Niðurstaða rannsóknar í Ísrael (Lancet október, 2021) bendir til að örvunarskammtur með bóluefni Pfizer bæti mótefnastöðu einstaklinga verulega sem veitir aukna vernda gegn smiti og alvarlegum veikindum. Vonir eru bundnar við að þetta fyrirkomulag veiti betra hjarðónæmi sem muni koma í veg fyrir útbreiðslu smita. Líklega mun taka a.m.k. nokkrar vikur eða mánuði að bólusetja alla með örvunarskammti skv. afkastagetu heilsugæslunnar.

Þær aðgerðir sem ég tel koma til greina og ég hvet stjórnvöld til að velja á milli eru eftirfarandi aðgerðir sem gripið hefur verið til. Einnig kæmi til greina að blanda saman aðgerðum úr neðangreindum minniblöðum:

**I. Takmarkanir samkvæmt minnisblaði dags. 22. júlí 2021 (sjá viðhengi I).**

Þær takmarkanir sem komu til framkvæmda skv. reglugerð nr. 587/2021 þ. 25. júlí 2021 voru talsvert íþyngjandi fyrir íslenskt samfélag en fækkun á smitum varð nokkuð hröð eins og lýst er í lið 1 hér að ofan. Engin ástæða er til annars en að ætla að með þessum aðgerðum muni takast að fækka smitum verulega tiltölulega fljótt og minnka álagið á sjúkrahúsin.

**II. Takmarkanir skv. minnisblaði dags. 24. ágúst 2021 (sjá viðhengi II).**

Reglugerð nr. 962/2021 var sett á grundvelli þessa minnisblaðs og eins og lýst er í lið 2 hér að ofan þá fækkað smitum töluvert á gildistíma reglugerðarinnar. Þær takmarkanir sem gripið var til samkvæmt reglugerðinni voru hins vegar minna íþyngjandi en þær sem gripið var til skv. reglugerð nr. 587/2021. Ég tel líklegt að þessar aðgerðir muni skila tilætluðum árangri þó ef til vill muni það taka lengri tíma en þær aðgerðir sem fjallað er um í lið I hér að ofan.

**III. Takmarkanir skv. minnisblöðum dags. 12. september og 18. október 2021 (sjá viðhengi III og IV).**

Ég tel hins vegar ólíklegt að aðgerðir skv. minnisblöðum dags. 12. september og 18. október 2021 og komu til framkvæmda í reglugerðum nr. 1030/2021 og nr. 1177/2021 muni skila miklum árangri. Jafnvel má færa fyrir því rök að smitum muni halda áfram að fjölga ef þeim verður beitt.

## Viðhengi I.

---

### Minnisblaði

Dagsetning: 22. júlí 2021

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 21011462

### **Efni: Minnisblaði sóttvarnalæknis varðandi tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands vegna COVID-19.**

---

Þann 26. júní sl. var öllum opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands hætt hér á landi vegna COVID-19 en fyrir þann tíma hafði sóttvarnaaðgerðum verið aflétt í nokkrum áföngum. Fyrir 26. júní hafði daglegur fjöldi smita verið í lágmarki þrátt fyrir allmiklar afléttingar. Þann 1. júlí sl. var skimunum farþega á landamærum vegna COVID-19 hætt hjá þeim sem framvísuðu fullgildum vottorðum um bólusetningu gegn COVID-19 eða vottorðum um fyrri covid sýkingu og sömuleiðis hjá börnum. Daglega höfðu smit verið í lágmarki á landamærum eða frá engu og upp í tvö.

Á þeim tíma var álag vegna vaxandi farþegafjölda orðið það mikið, að ekki þótti framkvæmanlegt að viðhafa skimanir á landamærum í óbreyttri mynd. Það var því metið að miðað við ofangreinda stöðu væri ekki mikil áhætta fólgin í afléttingu aðgerða á landamærum og innanlands. Líklegt þótti að útbreiðsla smita yrði ekki veruleg innanlands sérstaklega í ljósi niðurstöðu rannsókna um virkni bóluefnanna og góðrar þátttöku í bólusetningum en um helmingur þjóðarinnar var full bólusettur gegn COVID-19 og um 70% hafði fengið a.m.k. eina sprautu.

Frá mánaðarmótum júní/júlí sl. hafa 236 einstaklingar greinst innanlands með COVID-19 og þar af voru 70 (30%) í sóttkví, 159 full bólusettir (68%), 8% hálf bólusettir og 20% óbólusettir. Undangengna sólarhringa hefur faraldurinn hins vegar verið í veldisvexti og í gær (21. júlí) greindust alls 78 smit innanlands en ekkert á landamærum. Flestir hafa verið að greinast á höfuðborgarsvæðinu en allmargir hafa greinst í öðrum landshlutum. Á sama tíma (frá 1. júlí sl.) hafa 77 sem tengjast landamærunum greinst smitaðir og af þeim voru 57 full bólusettir (74%). Flestir sem greindust eru á aldrinum 20-40 ára og eru flestir með fremur væg covid einkenni. Tveir hafa enn sem komið er þurft að leggjast inn á sjúkrahús en tæplega 300 eru í eftirliti covid göngudeildar LSH og eru sex í nánu eftirlit vegna yfirvofandi innlagningar.

Öll smitin sem hafa verið að greinast undanfarið eru af völdum delta afbrigðis veirunnar og eru af nokkrum undirgerðum sem bendir til að margir einstaklingar hafi komið smitaðir af hingað til lands að undanfögnu.

Til að ná tökum á COVID-19 faraldrinum innanlands þá þarf að mínu mati að lágmarka eins og hægt er dreifingu veirunnar yfir landamærin. Að fengnum tillögum sóttvarnalæknis þá hefur heilbrigðisráðherra ákveðið að frá og með 27. júlí 2021 verði aðgerðir hertar á landamærum

þar sem allir farþegar sem hingað koma verða krafðir um neikvætt PCR eða antigen próf sem ekki má vera eldra en 72 klst. gamalt. Einnig verða Íslendingar og aðrir sem tengslanet hafa hér á landi hvattir til að undirgangast sýnatöku við komuna hingað til lands. Meta þarf áfram hvort þessar aðgerðir munu skila tilætluðum árangri og þá hvort þörf verði á hertari takmörkunum á landamærum.

### **Áhættumat.**

Í samantekt má því segja að frá því aflétt var á takmörkunum um síðustu mánaðarmót þá hafi mikil dreifing á kórónaveirunni átt sér stað yfir landamærin sem leitt hefur til smita innanlands og nýrrar bylgju smita sem nú er í veldisvesti. Flest smitin hafa orðið í fullbólusettum einstaklingum (67%). Tveir þurftu á innlögn á sjúkrahús að halda, annar vegna alvarlegrar lungnasýkingar og hinn vegna ofþornunar. Báðir voru fullbólusettir. Þessi hraða uppsveifla sem sést hefur undanfarna daga er meiri en búist var við en skýringuna má leita til verri virkni bóluefnanna gegn deltaafbrigði veirunnar en öðrum afbrigðum. Viðbúið er smitum eigi eftir að fjölga umtalsvert innanlands á næstunni, sérstaklega ef engar opinberar sóttvarnaráðstafanir verða settar og má fastlega búast við smitum inn í viðkvæma hópa, bólusetta og óbólusetta með ófyrirséðum afleiðingum.

Erlendar upplýsingar sýna að þau bóluefni sem notuð eru á Íslandi virðast vernda um 60% fullbólusettra gegn hvers konar smiti af völdum delta afbrigðis veirunnar og yfir 90% gegn alvarlegum veikindum. Nýjar upplýsingar frá Ísrael benda hins vegar til að vernd bóluefnis Pfizer geti jafnvel verið enn minni en að framan greinir bæði gegn öllu smiti og alvarlegum veikindum.

Á Íslandi hafa til þessa um 5% þeirra sem greinst hafa með COVID-19 þurft á sjúkrahúsvist að halda. Ef spítalainnlögn er notuð sem mælikvarði á alvarleg veikindi þá má búast við að fullbólusetning muni fækka sjúkrahúsinnlögnum í allt að 0,5% hjá bólusettum sem smitast og jafnvel sé hlutfallið hærra því upplýsingar erlendis frá benda til að spítalainnlagnir séu tíðari þegar um delta afbrigðið er að ræða. Þó að þetta hlutfall sé lágt þá getur það leitt til mikils fjölda innlagna ef smit verður útbreitt. Þá ber að nefna að umtalsverður fjöldi einstaklinga eldri en 16 ára hefur ekki verið bólusettur eða um 30.000 manns, auk flestra barna yngri en 16 ára en sá hópur telur um um 73.000 manns. Samkvæmt áhættumati ECDC og WHO frá 23. júní 2021 er bent á aukna áhættu á útbreiðslu delta afbrigðisins í óbólusettu eða ekki fullbólusettu þýði og jafnvel hjá fullbólusettum einstaklingum

Sá mikli fjöldi nýgreindra smita sem sést hefur undanfarna daga sýnir hins vegar að yfirvofandi geti verið fjöldi innlagna vegna COVID-19. Einnig þarf að hafa í huga að virkni bóluefnanna er ekki vel þekkt hjá eldri einstaklingum og þeim sem eru með undirliggjandi sjúkdóma og/eða ónæmisvandamál.

Ég tel því mikilvægt að grípa eins fljótt og auðið er til innanlandstakmarkana til að koma böndum á faraldurinn innanlands og koma þannig í veg fyrir alvarlegar afleiðingar hans. Með mikilli útbreiðslu og smiti hjá viðkvæmum hópum þá er hætta á alvarlegum afleiðingum. Þá er einnig mikilvægt að ná tökum á stöðunni áður en skólahald hefst en viðbúið er að sérstakar reglur þurfi að setja áður en það hefst. Eftirfarandi tillögur byggja á reynsluna af aðgerðum sem gripið hefur verið til fyrr í COVID-19 faraldrinum.

Sóttvarnalæknir stefnir að því í ágúst mánuði að bjóða þeim sem bólusettir hafa verið með bóluefni Janssen seinni bólusetningu. Þó markaðsleyfi sé fyrir einum skammti þessa

bóluefnis þá er líklegt að skammt tvö þurfi til að veita betri vörn. Einnig verður einstaklingum með undirliggjandi ónæmisvandamál boðin þriðji skammtur bóluefnis en líklegt er að tveir skammtar veiti ekki nægilega góða vörn gegn COVID-19 hjá þessum hópi.

Ég legg því til eftirfarandi aðgerðir:

1. Ný reglugerð um sóttvarnaaðgerðir innanlands taki gildi sem fyrst og gildi í a.m.k. tvær til þrjár vikur.
2. Almennar fjöldatakmörkanir verði miðaðar við 200 manns úti sem inn. Börn fædd 2016 og síðar verði undanþegin fjöldatakmörkunum og nándarreglu.
3. Nándarregla verði almennt tveir metrar.
4. Grímuskylda verði innanhúss þar sem húsnæði er illa loftræst, ekki er hægt að viðhafa tveggja metra nándarreglu milli ótengdra aðila og þar sem stórir hópar dvelja innandyra saman í lengri tíma; Grímuskylda verði á stöðum sem tilgreindir eru hér að neðan. Börn fædd 2006 og síðar verði undanþegin grímuskyldu. Grímuskylda verði í almenningssamgöngum.
5. Starfsemi og þjónusta sem krefst snertingar milli fólks (klipping, nudd o.fl.) verði leyfð með þeim skilyrðum að skylt verði að notast við andlitsgrímur bæði af þeim sem veita þjónustuna og þeim sem hana fá. Einnig verði gætt að handþvotti og handsprittun. Sameiginlegir snertifletir sótthreinsaðir á milli viðskiptavina
6. Sund- og baðstaðir megi hafa opið fyrir 75% af hámarksfjölda.
7. Líkamsræktarstöðvar megi vera opnar fyrir 75% af hámarksfjölda. Tveggja metra nándarregla verði viðhöfð. Sameiginlegur búnaður skal sótthreinsaður milli notenda. Við komu í hús sé tryggt að allir sótthreinsi hendur og beri grímur þar til æfing hefst og eftir æfingu sótthreinsi allir hendur áður en búnaður er sótthreinsaður. Milli hópa séu salerni, vaskar og aðrir snertifletir sótthreinsaðir af starfsmanni.
8. Íþróttir barna og fullorðinna.
  - a. Íþróttæfingar barna og fullorðinna með eða án snertinga í íþróttum innan sem utan ÍSÍ verði heimilar. Hámarksfjöldi fullorðinna í keppni í hverju hólfi verði 100 manns. Gæta skal að því að búningsaðstaða sé þrífín og snertifletir sótthreinsaðir milli hópa. Sameiginleg áhöld verði sótthreinsuð eftir notkun og þess gætt að loftræsting sé í lagi og loftað vel út nokkrum sinnum yfir daginn.
  - b. Íþrótt- og ólympíusamband Íslands setur sérsamböndum reglur um sóttvarnir og um framkvæmd æfinga og keppna í sínum greinum í samvinnu við sóttvarnalækni. Í íþróttum sem ekki tilheyra Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands skal setja leiðbeiningar eða fylgja sömu leiðbeiningum og sambærilegar íþróttir innan sambandsins.
  - c. Íþróttakeppni barna og fullorðinna verði heimilar með áhorfendum í númeruð sæti. Hámarksfjöldi áhorfenda í hólfi verði 200 manns þar sem öllum verði skylt að bera grímur.
  - d. Skylt verði að selja í númeruð sæti og skrá haldin yfir gesti.

- e. Veitingasala á keppnisstöðum verði bönnuð.
9. Sviðslistir, kvikmyndahús og kórastarf:
- a. Æfingar og sýningar með snertingu verði leyfðar fyrir allt að 100 starfsmenn á sviði. Gætt verði að handhreinsun og sótthreinsun sameiginlegs búnaðar a.m.k. tvisvar á dag og passað að loftræsting sé í lagi.
  - b. Heimilt verði að taka á móti allt að 200 sitjandi gestum í hverju hólfi og þeim gert skylt að nota grímu nema þegar neytt er drykkjar eða neysluvöru. Leitast verði við að viðhafa a.m.k. eins metra nándarreglu. Börn fædd 2006 og síðar teljast með.
  - c. Heimilt verði að hafa hlé á viðburðum en veitingasala í hléum verði ekki leyfð.
  - d. Skylt verði að selja í númeruð sæti og skrá haldin yfir gesti.
10. Við athafnir trú- og lífsskoðunarfélaga og útfarir verði að hámarki 200 gestir og skulu gestir skráðir í sæti; eins metra nándarregla verði tryggð sem og grímunotkun verði reglunni ekki við komið. Hámarksfjöldi í erfidrykkjum verði 100 manns.
11. Verslanir megi taka á móti 5 einstaklinum á hverja 10 m<sup>2</sup> með að hámarki 200 í rými. Gætt skuli að tveggja metra nándarreglu og skylt að bera andlitsgrímu þar sem regluna er ekki hægt að viðhafa.
12. Söfn og aðrir opinberir staðir megi taka á móti 75% af leyfilegum hámarksfjölda Gætt skuli að tveggja metra nándarreglu og skylt að bera andlitsgrímu þar sem regluna er ekki hægt að viðhafa.
13. Veitingastaðir megi hafa opið til kl. 23 og gestir verði að hámarki 100 í rými og gestir skráðir. Vínveitingar verði einungis bornar fram til sitjandi gesta. Heimilt verði að hleypa inn nýjum viðskiptavinum til kl. 23 og skulu gestir hafa yfirgefið staðinn kl. 24:00. Gætt skuli að eins metra nálægðarmörkum og skylt að hafa grímur þar sem að því verður ekki við komið.
14. Skemmtistaðir, krár, spilasalir og spilakassar megi vera opnir til kl. 23 með 100 manna hámarki í rými. Vínveitingar verði einungis bornar fram til sitjandi gesta. Heimilt verður að hleypa inn nýjum viðskiptavinum til kl. 23 og skulu gestir hafa yfirgefið staðinn kl. 24:00. Gætt skuli að eins metra nálægðarmörkum og einungis skylt að hafa grímur þar sem að því verður ekki við komið.
15. Ökunám og flugnám með kennara verði heimilt.
16. Takmarkanir verði settar á tjaldsvæði og hjólhýsasvæði samkvæmt leiðbeiningum sóttvarnalæknis og ferðamálastofu um sóttvarnaráðstafanir frá 10. maí 2021.
17. Sóttvarnalæknir mun stefna að því í ágúst mánuði að bjóða þeim sem bólusettil hafa verið með bóluefni Janssen seinni bólusetningu. Þó markaðsleyfi sé fyrir einum skammti þessa bóluefnis þá er líklegt að skammt tvö þurfi til að veita betri vörn. Einnig verður einstaklingum með undirliggjandi ónæmisvandamál boðin þriðji skammtur bóluefnis en líklegt er að tveir skammtar veiti ekki nægilega góða vörn gegn COVID-19 hjá þessum hópi.



## Viðhengi II.

---

### Minnisblað

Dagsetning: 24. ágúst 2021

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 21011462

### **Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands vegna COVID-19.**

---

Þann 25. júlí 2021 tók gildi reglugerð um takmörkun á samkomum innanlands vegna farsóttar nr. 587/2021 sem gildi til og með 13. ágúst. Gildistími reglugerðarinnar var síðan framlengdur til og með 27. ágúst.

Reglugerðin var sett þann 25. júlí sl. þar sem að COVID-19 faraldurinn hafði verið í miklum vexti (veldisvexti) í kjölfarið á afléttingum á öllum takmörkunum innanlands um mánaðarmótin júní/júlí og eftir breytingar á skimun á landamærum.

Frá því að reglugerðin tók gildi hefur faraldurinn verið á hægri niðurleið. Flest tilfelli greindust 30. júlí eða 154 en síðustu dagana hafa um 60 greinst daglega. Samhliða þessari miklu útbreiðslu faraldursins þá hefur orðið mikil fjölgun á innlögnum á sjúkrahús vegna COVID-19 en alls hafa 87 lagst inn á sjúkrahús frá 1. júlí, 14 lagst inn á gjörgæsludeild og átta þurft á aðstoð öndunarvéla að halda. Enginn hefur hins vegar látist. Af þeim 3.500 sem greinst hafa frá 1. júlí þá voru 2.200 full bólusettir og 1.300 óbólusettir.

Þegar gagnsemi bólusetningar gegn COVID-19 er skoðuð kemur í ljós að nýgengi smita hjá bólusettum er 850/100.000 en 1.700/100.000 hjá óbólusettum. Áhættan á smiti hjá óbólusettum er þannig tvöföld miðað við áhættuna hjá bólusettum. Á sama hátt kemur í ljós að áhættan á innlögn á sjúkrahús er fjórföld hjá óbólusettum miðað við bólusetta og sexföld þegar innlögn á gjörgæsludeild er skoðuð. Þannig má fullyrða að útbreidd bólusetning hér á landi hefur komið í veg fyrir smit en sérstaklega hindrað alvarlegar afleiðingar COVID-19.

Þrátt fyrir ótvíræða gagnsemi bólusetningarinnar þá hefur álag á heilbrigðisþjónustuna af völdum COVID-19 undangenginn mánuð verið verulegt, sérstaklega á Landspítalann. Gjörgæsludeild spítalans hefur fyllst og álagið leitt af sér skerðingu á þjónustu við ýmsa aðra sjúklingahópa. Sjúklingar hafa verið fluttir á nærliggjandi sjúkrahús, leitað hefur verið eftir starfsfólki annarra stofnana og erlendir sjúklingar fluttir til síns heima. Með ýmsum aðgerðum hefur þannig tekist að koma í veg fyrir neyðarástand á spítalanum. Þannig er ljóst að ef enn meiri útbreiðsla hefði orðið á COVID-19 en raunverulega varð þá hefði röskun á starfsemi Landspítalans orðið alvarlegri með ófyrirséðum afleiðingum fyrir marga sjúklinga.

Ég tel því ljóst að allar þær aðgerðir sem gripið var til þ.e. sóttvarnaaðgerðir á landamærum, takmarkanir innanlands, útbreiddar bólusetningar og sértækar aðgerðir á Landspítalanum hafi leitt til að ekki fór verr. Í ljósi þess að aflétting allra takmarkana innanlands um mánaðarmótin

júní/júlí leiddi af sér hraða útbreiðslu faraldursins innanlands þá tel ég mikilvægt að varlega verði farið í afléttingar innanlands og á landamærum á næstunni.

Nú þegar leiðbeiningar sóttvarnalæknis um notkun hrðaprófa liggja fyrir er mikilvægt að stjórnvöld leiðbeini um hvernig kostnaði við þau verði háttað. Eins og fram kemur í tillögum mínum hér þá legg ég til notkun hraðprófa við stærri viðburði. Skýrt þarf að vera að um er að ræða hraðpróf sem viðurkenningu hafa fengið á Íslandi, notkun þeirra byggir á leiðbeiningum sóttvarnalæknis og hver greiði kostnað vegna notkunar prófanna. Ljóst er að hátt verði hraðprófa til þeirra sem vilja sækja viðburði getur orðið mjög hamlandi við að ná þeim markmiðum að sem flestir geti áfram notið menningar- og íþróttaviðburða. Í tillögum mínum legg ég ekki til að notuð verði sjálfpróf og mæli ekki með notkun þeirra í þessu skyni vegna þess hversu ónákvæm þau eru.

Ég legg til eftirfarandi aðgerðir:

18. Áfram verði unnið að uppbyggingu á gjörgæsludeild Landspítalans og annarri starfsemi hans í samráði við stjórnendur spítalans.
19. Áfram verði unnið að aukinni þátttöku á bólusetningum gegn COVID-19.
20. Ný reglugerð um sóttvarnaaðgerðir innanlands taki gildi 28. ágúst og gildi í a.m.k. tvær til þrjár vikur.
21. Almennar fjöldatakmarkanir verði miðaðar við 200 manns úti sem inn með undantekningum sem fram koma hér að neðan. Börn fædd 2016 og síðar verði undanþegin fjöldatakmörkunum og nándarreglu.
22. Nándarregla verði almennt einn metri.
23. Grímuskylda verði innanhúss þar sem húsnæði er illa loftræst, ekki er hægt að viðhafa eins metra nándarreglu milli ótengdra aðila og þar sem stórir hópar dvelja innandyrá saman í lengri tíma; Grímuskylda verði á stöðum sem tilgreindir eru hér að neðan. Börn fædd 2006 og síðar verði undanþegin grímuskylda. Grímuskylda verði í almenningssamgöngum.
24. Starfsemi og þjónusta sem krefst snertingar milli fólks (klipping, nudd o.fl.) verði leyfð með þeim skilyrðum að skylt verði að notast við andlitsgrímur bæði af þeim sem veita þjónustuna og þeim sem hana fá. Einnig verði gætt að handþvotti og handsprittun. Sameiginlegir snertifletir sótthreinsaðir á milli viðskiptavina
25. Sund- og baðstaðir verði opnir fyrir leyfðan hámarksfjölda.
26. Líkamsræktarstöðvar verði opnar fyrir leyfðan hámarksfjölda. Eins metra nándarregla verði viðhöfð. Sameiginlegur búnaður skal sótthreinsaður milli notenda. Við komu í hús sé tryggt að allir sótthreinsi hendur og beri grímur þar til æfing hefst og eftir æfingu sótthreinsi allir hendur áður en búnaður er sótthreinsaður. Milli hópa séu salerni, vaskar og aðrir snertifletir sótthreinsaðir af starfsmanni.
27. Íþróttir barna og fullorðinna.
  - a. Íþróttæfingar barna og fullorðinna með eða án snertinga í íþróttum innan sem utan ÍSÍ verði heimilár. Hámarksfjöldi fullorðinna í keppni í hverju hólfi verði 200 manns. Gæta skal að því að búningaöstaða sé þrífín og snertifletir

sóttgreinsaðir milli hópa. Sameiginleg áhöld verði sóttgreinsuð eftir notkun og þess gætt að loftræsting sé í lagi og loftað vel út nokkrum sinnum yfir daginn.

- b. Íþrótt- og ólympíusamband Íslands setur sérsamböndum reglur um sóttvarnir og um framkvæmd æfinga og keppna í sínum greinum í samvinnu við sóttvarnalækni. Í íþróttum sem ekki tilheyra Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands skal setja leiðbeiningar eða fylgja sömu leiðbeiningum og sambærilegar íþróttir innan sambandsins.
- c. Íþróttakeppni barna og fullorðinna verði heimilur með áhorfendum í númeruð sæti. Hámarksfjöldi áhorfenda í sóttvarnahólfi verði 200 manns þar sem öllum verði skylt að bera grímur.
- d. Eins metra nándarregla falli niður.
- e. Skylt verði að selja í númeruð sæti og skrá haldin yfir gesti.
- f. Gestir beri andlitsgrímur á meðan viðburði stendur og á leið inn og út af viðburði.
- g. Hægt verði að fá undanþágu frá 200 manna fjöldatakmörkunum upp í allt að 500 manns í sóttvarnahólfi með eftirfarandi skilyrðum:
  - i. Sóttvarnahólf er svæði þar sem innganga og útganga er aðskilin öðrum svæðum, salerni er eingöngiu fyrir viðkomandi hólf og veitingar og önnur þjónusta er eingöngu fyrir viðkomandi hólf.
  - ii. Engin samgangur af neinu tagi má vera á milli hólfa
  - iii. Allir gestir skráðir í sæti
  - iv. Allir gestir undan gangast hraðpróf (ekki sjálfpróf) fyrir atburð sem ekki má vera meira en 48 tíma gamalt og eru viðburðahaldarar ábyrgir fyrir eftirliti á niðurstöðu prófanna. Notkun verði í samræmi við útgefnar leiðbeiningar sóttvarnalæknis. Einungis þeir sem eru með neikvæða niðurstöðu úr prófi mega mæta á viðburðinn.
  - v. Allar sóttvarnir þ.á.m. aðgengi að handspritti og reglubundin hreinsun snertiflata verði til staðar á meðan viðburði stendur.
  - vi. Gestir beri andlitsgrímur á meðan viðburði stendur og á leið inn og út af viðburði.

#### 28. Sviðslistir, kvikmyndahús og kórastarf:

- a. Æfingar og sýningar með snertingu verði leyfðar fyrir allt að 200 starfsmenn á sviði. Gætt verði að handgreinsun og sóttgreinsun sameiginlegs búnaðar a.m.k. tvisvar á dag og passað að loftræsting sé í lagi.
- b. Eins metra nándarregla falli niður.
- c. Heimilt verði að að hafa hlé á viðburðum og veitingasala í hléum verði leyfð.
- d. Skylt verði að selja í númeruð sæti og skrá haldin yfir gesti.
- e. Heimilt verði að taka á móti allt að 200 sitjandi gestum í hverju hólfi og þeim gert skylt að nota grímu nema þegar neytt er drykkjar eða neysluvöru. Börn fædd 2006 og síðar teljast með.
- f. Gestir beri andlitsgrímur á meðan viðburði stendur og á leið inn og út af viðburði.

- g. Hægt verði að fá undanþágu frá 200 manna fjöldatakmörkunum upp í allt að 500 manns í sóttvarnahólfi með eftirfarandi skilyrðum:
  - i. Sóttvarnahólf er svæði þar sem innganga og útganga er aðskilin öðrum svæðum, salerni er eingöngu fyrir viðkomandi hólf og veitingar og önnur þjónusta er eingöngu fyrir viðkomandi hólf.
  - ii. Engin samgangur af neinu tagi má vera á milli hólfa
  - iii. Allir gestir skráðir í sæti
  - iv. Allir gestir undan gangast hraðpróf (ekki sjálfpróf) fyrir atburð sem ekki má vera meira en 48 tíma gamalt og eru viðburðahaldarar ábyrgir fyrir eftirliti á niðurstöðu prófanna. Notkun verði í samræmi við útgefnar leiðbeiningar sóttvarnalæknis. Einungis þeir sem eru með neikvæða niðurstöðu úr prófi mega mæta á viðburðinn.
  - v. Allar sóttvarnir þ.á.m. aðgengi að handspritti og reglubundin hreinsun snertiflata verði til staðar á meðan viðburði stendur.
  - vi. Gestir beri andlitsgrímur á meðan viðburði stendur og á leið inn og út af viðburði.
- 29. Við athafnir trú- og lífsskoðunarfélaga og útfarir verði að hámarki 200 gestir og skulu gestir skráðir í sæti.
  - a. Eins metra nándarregla falli niður en skylt verði að nota grímur á meðan á athöfn stendur. Hámarksfjöldi í erfidrykkjum verði 200 manns.
- 30. Verðslanir megi taka á mótí 5 einstaklinum á hverja 10 m<sup>2</sup> með að hámarki 200 í rými. Gætt skuli að eins metra nándarreglu og skylt að bera andlitsgrímu þar sem regluna er ekki hægt að viðhafa.
- 31. Söfn og aðrir opinberir staðir megi taka á mótí leyfilegum hámarksfjölda Gætt skuli að eins metra nándarreglu og skylt að bera andlitsgrímu þar sem regluna er ekki hægt að viðhafa.
- 32. Veitingastaðir megi hafa opið til kl. 23 og gestir verði að hámarki 200 í rými og gestir skráðir. Vínveitingar verði einungis bornar fram til sitjandi gesta. Heimilt verði að hleypa inn nýjum viðskiptavinum til kl. 23 og skulu gestir hafa yfirgefið staðinn kl. 24:00. Gætt skuli að eins metra nálægðarmörkum og skylt að hafa grímur þar sem að því verður ekki við komið.
- 33. Skemmtistaðir, krár, spilasalir og spilakassar megi vera opnir til kl. 23 með 200 manna hámarki í rými. Vínveitingar verði einungis bornar fram til sitjandi gesta. Heimilt verður að hleypa inn nýjum viðskiptavinum til kl. 23 og skulu gestir hafa yfirgefið staðinn kl. 24:00. Gætt skuli að eins metra nálægðarmörkum og einungis skylt að hafa grímur þar sem að því verður ekki við komið.
- 34. Ökunám og flugnám með kennara verði heimilt.
- 35. Takmarkanir verði settar á tjaldsvæði og hjólhýsasvæði samkvæmt leiðbeiningum sóttvarnalæknis og ferðamálastofu um sóttvarnaráðstafanir frá 10. maí 2021.

## Viðhengi III.

---

### Minnisblað

Dagsetning 12. september 2021

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 21011462

### Efni: **Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands vegna COVID-19.**

---

Þann 25. júlí 2021 tók gildi reglugerð um takmörkun á samkomum innanlands vegna farsóttar nr. 587/2021 sem gildi til og með 13. ágúst. Reglugerðin var sett þar sem að COVID-19 faraldurinn hafði verið í miklum vexti (veldisvexti) í kjölfarið á afléttingum á öllum takmörkunum innanlands um mánaðarmótin júní/júlí og eftir breytingar á skimun á landamærum. Gildistími reglugerðarinnar var síðan framlengdur til og með 27. ágúst.

Þann 28. ágúst 2021 var sett ný reglugerð um takmarkanir á samkomum innanlands vegna COVID-19 nr. 962/2021 sem gildir til og með 17. september 2021. Í reglugerðinni var kveðið á um tilslakanir sem fólu í sér að grímuskylda á viðburðum utandyra var felld niður, nálægðarregla á íþróttaviðburðum og sviðslistum afnumin, einkasamkvæmi leyfð lengur en til miðnættis í húsnæði þar sem vinnuveitingaleyfis er krafist og fjöldamörk leyfð umfram 200 manns (allt að 500 manns) svo fremi að framvísað væri neikvæðri niðurstöðu hraðgreiningaprófa sem ekki máttu vera eldri en 48 klst. Síðastnefnda ákvæðið komst hins vegar ekki til framkvæmda fyrr en fyrir nokkrum dögum vegna skorts á hraðgreiningaprófum og mannafla til að framkvæma prófin.

Frá 30. júlí sl. þegar núverandi bylgja náði hámarki hefur faraldurinn verið á hægri niðurleið og síðustu daga fáir þurft að leggjast inn á sjúkrahús. Þannig er ástandið á Landspítalanum vegna COVID-19 ekki eins alvarlegt nú og fyrr í þessari bylgju. Ástæðan fyrir batnandi ástandi eru margar og þær helstar, að takmarkanir innanlands hafa verið viðhafðar, beitt hefur verið smitrakningu, sóttkví og einangrun eins og áður, hert hefur verið á skimunum á landamærunum og auk þess hefur gengið vel að bólusetja börn og unglinga og viðkvæmir hópar hafa fengið þriðja skammt bóluefnis.

Frá 1. júlí sl. hafa um 4.700 manns greinst með COVID-19 hér á landi og um 2,1% þeirra (100 manns) þurft á sjúkrahúsvist að halda, 18 lagst inn á gjörgæsludeild (0,4%), níu þurft aðstoð öndunarvéla (0,2%) og þrír látist (0,1%). Smitin greindust bæði hjá óbólusettum og fullbólusettum einstaklingum en líkur á smiti hjá óbólusettum eru um þrefalt meiri og líkur á innlögnum á sjúkrahús um fimmfalt hærri. Um 60% þeirra sem leggjast inn á sjúkrahús eru hins vegar full bólusettir. Þó er því ljóst að góð þátttaka í bólusetningum hér á landi hefur bæði komið í veg fyrir útbreiddara smit og alvarlegri afleiðingar COVID-19.

Í ljósi þeirrar reynslu sem fékkst í lok júní 2021 af afléttingum allrar takmarkana innanlands og breytinga á skimunum á landamærum, tel ég rétt að fara hægt í tilslakanir á næstunni,

sérstaklega á landamærum. Þau alvarlegu veikindi sem hlutust af þessum tilslökunum gengu nærri þolmörkum Landspítala eins og kunnugt er. Ef vel tekst til með takmörkunum á landamærum að lágmarka flutning veirunnar hingað til lands frá útlöndum þá tel ég allar forsendur vera fyrir hendi til að slaka frekar á takmörkunum innanlands á næstu vikum og mánuðum.

Ég legg til eftirfarandi aðgerðir innanlands frá og með 18. september 2021:

36. Áfram verði unnið að uppbyggingu á gjörgæsludeild Landspítalans og annarri starfsemi hans í samráði við stjórnendur spítalans.
37. Áfram verði unnið að aukinni þátttöku í bólusetningum gegn COVID-19 sérstaklega gjöf viðbótar-/örvunarskammta bóluefnis til viðkvæmra hópa.
38. Ný reglugerð um sóttvarnaaðgerðir innanlands gildi í a.m.k. þrjár til fjórar vikur.
39. Almennar fjöldatakmarkanir verði miðaðar við 500 manns úti sem inni með undantekningum sem fram koma hér að neðan. Börn fædd 2006 og síðar verði undanþegin fjöldatakmarkunum.
40. Náandarregla verði áfram almennt einn metri með undantekningum sem fram koma hér að neðan.
41. Grímuskylda verði innanhúss þar sem húsnæði er illa loftræst, ekki er hægt að viðhafa eins metra náandarreglu milli ótengdra aðila eða þar sem stórir hópar dvelja innandyrá í lengri tíma. Grímuskylda verði á stöðum sem tilgreindir eru hér að neðan. Börn fædd 2006 og síðar verði undanþegin grímuskyldu. Grímuskylda verði í almenningssamgöngum ef ekki verði hægt að viðhafa eins metra náandarreglu.
42. Starfsemi og þjónusta sem krefst snertingar milli fólks (klipping, nudd o.fl.) verði leyfð með þeim skilyrðum að skylt verði að notast við andlitsgrímur bæði af þeim sem veita þjónustuna og þeim sem hana fá. Einnig verði gætt að handþvotti og handsprittun. Sameiginlegir snertifletir verði sótthreinsaðir á milli viðskiptavina
43. Sund- og baðstaðir verði áfram opnir fyrir leyfðan hámarksfjölda.
44. Líkamsræktarstöðvar verði opnar fyrir leyfðan hámarksfjölda. Eins metra náandarregla verði viðhöfð. Sameiginlegur búnaður skal sótthreinsaður milli notenda. Við komu í hús sé tryggt að allir sótthreinsi hendur og beri grímur þar til æfing hefst og eftir æfingu sótthreinsi allir hendur áður en búnaður er sótthreinsaður. Milli hópa séu salerni, vaskar og aðrir snertifletir sótthreinsaðir af starfsmanni.
45. Íþróttir barna og fullorðinna.
  - a. Íþróttæfingar barna og fullorðinna með eða án snertinga í íþróttum innan sem utan ÍSÍ verði heimilar. Hámarksfjöldi fullorðinna í keppni í hverju hólfi verði 500 manns. Gætt skuli að því að búningsaðstaða sé þrífín og snertifletir sótthreinsaðir milli hópa. Sameiginleg áhöld verði sótthreinsuð eftir notkun og þess gætt að loftræsting sé í lagi og loftað vel út nokkrum sinnum yfir daginn.
  - b. Íþrótt- og ólympíusamband Íslands setur sérsamböndum reglur um sóttvarnir og um framkvæmd æfinga og keppna í sínum greinum í samvinnu við sóttvarnalækni. Í íþróttum sem ekki tilheyra Íþrótt- og ólympíusambandi

Íslands skal setja leiðbeiningar eða fylgja sömu leiðbeiningum og sambærilegar íþróttir innan sambandsins.

- c. Íþróttakeppni barna og fullorðinna verði heimilar með áhorfendum í númeruð sæti og skráningu í sæti. Hámarksfjöldi áhorfenda í sóttvarnahólfi verði 500 manns en með undantekningum sem fram koma í lið f hér að neðan.
- d. Eins metra nándarregla áhorfenda falli niður.
- e. Áhorfendur beri andlitsgrímur á meðan viðburði stendur innandyra og á leið inn og út af viðburði. Á viðburðum utandyra verði hins vegar ekki skylt að bera andlitsgrímur nema á standandi viðburðum þar sem ekki er hægt að viðhafa eins metra nándarreglu .
- f. Hægt verði að fá undanþágu frá 500 manna fjöldatakmörkunum upp í allt að 1.500 manns í sóttvarnahólfi með eftirfarandi skilyrðum:
  - i. Allir áhorfendur undirgangist hraðpróf (ekki sjálfspróf) fyrir atburð sem ekki má vera meira en 48 tíma gamalt og verði viðburðahaldarar ábyrgir fyrir eftirliti á niðurstöðu prófanna. Notkun verði í samræmi við útgefnar leiðbeiningar sóttvarnalæknis. Einungis þeir sem eru með neikvæða niðurstöðu úr prófi megi mæta á viðburðinn.
  - ii. Allir verði skráðir í sæti með nafni, kennitölu og símanúmeri.
  - iii. Sóttvarnahólf verði svæði þar sem innganga og útganga eru aðskilin öðrum svæðum, salerni verði eingöngu fyrir viðkomandi hólf og veitingar og önnur þjónusta verði eingöngu fyrir viðkomandi hólf.
  - iv. Engin samgangur af neinu tagi verði á milli hólfra
  - v. Allar sóttvarnir þ.á.m. aðgengi að handspritti og reglubundin hreinsun snertiflata verði til staðar á meðan viðburði stendur.
  - vi. Heimilt verði að hafa áhorfendur standandi í hólfi en gætt skuli að eins metra nándarreglu. Þegar ekki er hægt að uppfylla eins metra nándarreglu þá skuli áhorfengur bera andlitsgrímu. Nægilegt sé að skrá hverjir eru í slíku hólfi en ekki þurfi að skrá í sæti..

#### 46. Sviðslistir, kvikmyndahús og kórastarf:

- a. Æfingar og sýningar með snertingu verði leyfðar fyrir allt að 500 starfsmenn á sviði. Gætt verði að handhreinsun og sótthreinsun sameiginlegs búnaðar a.m.k. tvisvar á dag og passað að loftræsting sé í lagi.
- b. Eins metra nándarregla falli niður fyrir sitjandi gesti.
- c. Heimilt verði að hafa hlé á viðburðum og veitingasala í hléum verði leyfð.
- d. Skylt verði að selja í númeruð sæti og skrá haldin yfir gesti.
- e. Heimilt verði að taka á móti allt að 500 sitjandi gestum í hverju hólfi og þeim gert skylt að nota grímu nema þegar neytt er drykkjar eða neysluvöru.
- f. Gestir beri andlitsgrímur á meðan viðburði stendur og á leið inn og út af viðburði.
- g. Hægt verði að fá undanþágu frá 500 manna fjöldatakmörkunum upp í allt að 1.500 manns í sóttvarnahólfi með eftirfarandi skilyrðum:

- i. Allir gestir undirgangist hraðpróf (ekki sjálfspróf) fyrir atburð sem ekki má vera meira en 48 tíma gamalt og verði viðburðahaldarar ábyrgir fyrir eftirliti á niðurstöðu prófanna. Notkun verði í samræmi við útgefnar leiðbeiningar sóttvarnalæknis. Einungis þeir sem eru með neikvæða niðurstöðu úr prófi megi mæta á viðburðinn.
- ii. Allir gestir verði skráðir í sæti með nafni, kennitölu og símanúmeri.
- iii. Sóttvarnahólf verði svæði þar sem innganga og útganga eru aðskilin öðrum svæðum, salerni verði eingöngu fyrir viðkomandi hólf og veitingar og önnur þjónusta verði eingöngu fyrir viðkomandi hólf.
- iv. Engin samgangur af neinu tagi verði á milli hólfra
- v. Allar sóttvarnir þ.á.m. aðgengi að handspritti og reglubundin hreinsun snertiflata verði til staðar á meðan viðburði stendur.
- vi. Heimilt verði að hafa gesti standandi í hólfi en gætt skuli að eins metra náandarreglu. Þegar ekki er hægt að uppfylla eins metra náandarreglu þá skuli áhorfengur bera andlitsgrímu. Nægilegt sé að skrá hverjir eru í slíku hólfi en ekki þurfi að skrá í sæti.

47. Skólastarf:

- a. Grunn- og framhaldsskólum verði leyft að halda samkomur fyrir nemendur fyrir allt að 1.500 gesti að því gefnu að þeir framvísi neikvæðu hraðgreiningaprófi sem ekki má vera eldra en 48 klst. gamalt.

48. Við athafnir trú- og lífsskoðunarfélaga og útfarir verði að hámarki 500 gestir og skulu gestir skráðir í sæti.

- a. Eins metra náandarregla falli niður en skylt verði að nota grímur á meðan á athöfn stendur. Hámarksfjöldi í erfidrykkjum verði 500 manns.

49. Verðslanir megi taka á móti 10 einstaklinum á hverja 10 m<sup>2</sup> með að hámarki 500 í rými. Gætt skuli að eins metra náandarreglu og skylt að bera andlitsgrímu þar sem regluna er ekki hægt að viðhafa.

50. Söfn og aðrir opinberir staðir megi taka á móti leyfilegum hámarksfjölda Gætt skuli að eins metra náandarreglu og skylt að bera andlitsgrímu þar sem regluna er ekki hægt að viðhafa.

51. Veitingastaðir þar sem heimilaðar eru áfengisveitingar megi hafa opið til kl. 00:00 og gestir verði að hámarki 500 í rými og þeir skráðir. Vínveitingar verði einungis bornar fram til sitjandi gesta. Heimilt verði að hleypa inn nýjum viðskiptavinum til kl. 00:00 og skulu gestir hafa yfirgefið staðinn kl. 01:00. Gætt skuli að eins metra nálægðarmörkum og skylt að hafa grímur ef ekki er hægt að uppfylla nánarregluna.

52. Skemmtistaðir, krár, spilasalir og spilakassar megi vera opnir til kl. 00:00 með 200 manna hámarki í rými. Vínveitingar verði einungis bornar fram til sitjandi gesta. Heimilt verður að hleypa inn nýjum viðskiptavinum til kl. 00:00 og skulu gestir hafa yfirgefið staðinn kl. 01:00. Gætt skuli að eins metra nálægðarmörkum og einungis skylt að hafa grímur þar sem að því verður ekki við komið.

53. Ökunám og flugnám með kennara verði heimilt.



54. Takmarkanir verði settar á tjaldsvæði og hjólhýsasvæði samkvæmt leiðbeiningum sóttvarnalæknis og ferðamálastofu um sóttvarnaráðstafanir frá 10. maí 2021.

## Viðhengi IV.

---

### Minnisblað

Dagsetning: 18. október 2021  
Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir  
Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra  
Málsnúmer/skjalalykill: 21011462

---

### Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi sóttvarnaaðgerðir innanlands vegna COVID-19.

---

Þann 15. september sl. tók gildi reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar nr. 1030/2021 vegna COVID-19 sem framlengd var 7. október og gildir til og með 20. október 2021.

Á þeim tíma sem reglugerðin hefur verið í gildi hefur COVID-19 faraldurinn verið stöðugur og daglegur fjöldi smita verið 20-60 en síðustu daga hefur fjöldinn verið um 50-60. Sveiflur í daglegum fjölda skýrast að mestu leyti af breytilegum fjölda tekinna sýna en þó eru vísbendingar um að smærri hópsýkingum sé að fjölga. Innlögnum á Landspítalann hefur fækkað undanfarið og í dag eru þrír innliggjandi vegna COVID-19 og enginn á gjörgæsludeild. Í eftirliti á COVID göngudeild eru nú um 500 einstaklingar og þar af um 200 börn.

Faraldurinn undanfarnar vikur er um margt ólíkur fyrri bylgjum sem skýrist að verulegu leyti af útbreiddri bólusetningu gegn sjúkdómnum en einnig af meiri smithæfni delta afbrigðis veirunnar sem veldur núverandi bylgju. Helstu einkenni sjúkdómsins hér á landi og í nálægum löndum á þessari stundu eru eftirfarandi:

#### 1. Sýkingar hjá bólusettum einstaklingum.

Þrátt fyrir víðtæka bólusetningu meðal almennings (70% þáttaka) í júlí sl. þá varð mikil uppsveifla í faraldrinum hér á landi í kjölfarið á afléttingu allra takmarkana innanlands og flestra takmarkana á landamærum um mánaðarmótin júní/júlí sl. Þessar afléttingar leiddu til stærstu bylgju faraldursins hér á landi til þessa.

Í dag hafa um 75% landsmanna verið fullbólusettir gegn COVID-19 og um 90% allra 12 ára og eldri. Um 70% barna á aldrinum 12-15 ára hafa fengið a.m.k. eina sprautu bóluefnis en um 65% verið fullbólusett. Af þeim 5.800 einstaklingum sem greinst hafa með COVID-19 í núverandi bylgju (eftir 1. Júlí 2021), þá voru 58% fullbólusettir. Þetta hlutfall hefur hins vegar minnkað síðustu vikurnar og það sem af er október mánaðar þá voru 42% fullbólusettir, 57% óbólusettir og 1% hálfbólusettir. Ekkert fullbólusett barn á aldrinum 12-15 ára hefur greinst með sjúkdómnum.

Við samanburð á hlutfalli smita meðal óbólusetta og bólusetta þá kemur í ljós að líkur á smiti hjá óbólusettum eru þrefalt meiri en hjá bólusettum og líkur á innlögn á sjúkrahús eru fimm sinnum hærri. Einnig eru vísbendingar um að veikindi séu að öllu jöfnu vægari hjá bólusettum einstaklingum.

*Það er því ljóst að bólusetning gegn COVID-19 er áhrifarík til að koma í veg fyrir smit og alvarleg veikindi en þrátt fyrir það geta einstaklingar smitast og jafnvel veikst alvarlega.*

#### 2. Fleiri börn yngri en 12 ára greinast.

Í núverandi bylgju er hlutfall barna af öllum greindum allt að 35% en í fyrri bylgjum faraldursins var hlutfallið um 9%. Flest börn fá væg einkenni sjúkdómsins en þrjú börn hafa greinst með alvarleg einkenni í núverandi bylgju og þurft á innlögn að halda á Barnaspítala Hringins. Engin alvarleg einkenni hjá börnum greindust hins vegar í fyrri bylgjum.

Undanfarnar vikur hefur orðið talsverð röskun á starfsemi skóla vegna veikinda barna og vegna þess fjölda sem þurft hefur að setja í sóttkví. Í ágúst mánuði sl. greindust um 480 börn með COVID 19 og í september greindust um 300 börn. Um 70% barnanna voru í sóttkví við greiningu en alls voru um 4.200 börn sett í sóttkví þessa tvö mánuði. Sóttkví barna virðist því vera áhrifarík leið til að koma í veg fyrir útbreiðslu COVID-19 en veldur hins vegar töluverðri röskun á skólasterfi.

Til að mæta kröfu um afléttingu á sóttkví barna þá var í september sl. tekið í notkun það vinnulag að setja börn sem ekki voru í mikill nánd við smitaða einstaklinga í smitgát í stað sóttkvíar með sýnatöku á degi 1 og 4. Á þeim rúma mánuði sem smitgát heftur verið beitt, hafa einungis 36 greinst (börn og fullorðnir) af um 3.800 manns sem sett voru í smitgát. Þetta bendir því til að núverandi vinnulag með smitgát forði mörgum frá því að fara í meira íþyngjandi sóttkví án mikillar áhættu á útbreiðslu smita. Hins vegar er ljóst að smitgát er ekki eins áhrifarík leið og sóttkví til að hefta útbreiðslu smits.

*Það er því ljóst að delta afbrigði veirunnar sem veldur núverandi bylgju faraldursins á auðveldara með að smita börn undir 12 ára aldri. Rétt er að geta þess að þau bóluefni sem nú eru í notkun gegn COVID-19 eru ekki með markaðsleyfi fyrir þennan aldursþóp. Börn geta einnig dreift smiti og veikst alvarlega þó alvarleg veikindi séu sjaldséð. Á þessari stundu er hins vegar ekki vitað um langvarandi áhrif COVID-19 hjá börnum jafnvel þó þau veikist ekki alvarlega.*

### 3. Sjúkrahúsinnlagnir vegna COVID-19.

Í núverandi bylgju faraldursins hafa rúmlega 2% þeirra sem greindust með COVID-19 þurft á sjúkrahúsinnlögn að halda (rúmlega 120 manns), 0,3% þurft að leggjast inn á gjörgæsludeild, 0,2% þurft á aðstoð öndunarvéla að halda og 0,1% látist. Í fyrri bylgjum faraldursins þurftu hins vegar rúmlega 5% greindra að leggjast inn á sjúkrahús, 0,8% að leggjast inn á gjörgæsludeild, 0,5% þurftu aðstoð öndunarvéla og 0,5% létust. Vægari veikindum nú má vafalaust þakka útbreiddum bólusetningum og betri meðferðarúrræðum.

Þrátt fyrir góðan árangur bólusetninga þá hefur álag vegna COVID-19 á Landspítalann verið mikið í núverandi bylgju faraldursins. Frá 1. júlí sl. hafa rúmlega 120 manns þurft á innlögn að halda, 20 lagst inn á gjörgæsludeild, 13 þurft á aðstoð öndunarvéla að halda og þrír látist. Þegar álagið á spítalann var hvað mest um miðjan ágúst mánuð þá voru rúmlega 30 inniliggjandi á sama tíma, 8 lágu á gjörgæsludeild og 5 voru í öndunarvél. Má því segja að neyðarástand hafi ríkt á spítalanum sem kom niður á þjónustu við ýmsa sjúklingahópa, margvíslegri valkvæðri þjónustu var frestað og viðbótar mannafla var leitað innanlands og erlendis.

Eftir að núverandi takmarkanir voru settar, hefur tekist að fækka samfélagslegum smitum og þar með innlögnum á Landspítalann. Í dag eru þrír inniliggjandi á spítalanum vegna COVID-19 og enginn á gjörgæsludeild.

*Það er því ljóst að delta afbrigði kórónaveirunnar getur valdið alvarlegu álagi á spítalakerfið á Íslandi ef engar takmarkanir eru í gildi sem hefta samfélagslega útbreiðslu veirunnar. Þetta getur gerst þrátt fyrir útbreidda bólusetningu eins og reynslan hér á landi hefur sýnt. Vissulega er þátttakan í bólusetningum nú meiri en sl. sumar þegar núverandi bylgja hófst því bæði er búið að gefa mörgum örvunarskammta (þriðju skammta) og bólusetning barna, 12-15 ára vel á veg komin.*

#### 4. Einkenni faraldursins í nálægum löndum.

Í umræðum undanfarið hér á landi hefur mikið borið á samanburði faraldursins á Íslandi við faraldurinn í nálægum löndum og þá gjarnan í tengslum við þær takmarkanir sem í gildi eru og útbreiðslu bólusetninga.

- a. Í *Danmörku* er þátttaka í bólusetningum svipuð og á Íslandi. Þar var öllum takmarkandi aðgerðum aflétt í byrjun september 2021 vegna góðrar stöðu faraldursins og útbreiddrar þátttöku í bólusetningum. Fyrstu tvær vikurnar eftir afléttingu þá fækkaði daglegum fjölda tilfella en frá 22. september hefur smitum fjölgað á ný úr rúmlega 300 upp í 700-800 á dag. Fjöldi innlagna á sjúkrahús hefur hins vegar verið nokkuð stöðugar en síðustu dagana hefur þeim fjölgað nokkuð (<https://www.sst.dk/da/corona/tal-og-overvaagning>). Þess ber einnig að geta að í Danmörku eru tekin mörg sýni daglega (PCR) fyrir COVID-19 og er fjöldinn sambærilegur þeim fjölda sem tekinn er á Íslandi. Á þessari stundu er því ekki hægt að segja með vissu hver endanlegur árangur af afléttingum verður.
- b. Í *Noregi* var öllum takmörkunum innanlands vegna COVID-19 aflétt þ. 25. september 2021 í ljósi góðrar stöðu faraldursins og útbreiddrar bólusetningar. Frá þeim tíma hefur ekki orðið vart aukningar á fjölda daglegra tilfella eða innlagna á sjúkrahús. Þess ber þó að geta að talsvert færri sýni eru tekin hlutfallslega í Noregi á degi hverjum en á Íslandi og í Danmörku (<https://www.fhi.no/sv/smittsomme-sykdommer/corona/dags--og-ukerapporter/dags--og-ukerapporter-om-koronavirus/>). Tíminn á því eftir að leiða í ljós hvort aukning verður þar í fjölda smita og innlagna því a.m.k. 2-3 vikur geta liðið frá afléttingu aðgerða þar til breytinga á fjölda smita verður vart.
- c. Í *Svíþjóð* var svo til öllum takmörkunum innanlands vegna COVID-19 aflétt þ. 29. september og munu frekari tilslakanir taka gildi þ. 1. nóvember nk. Á þeim rúmlega tveimur vikum sem liðnar eru frá því að takmörkunum var aflétt hefur ekki orðið vart aukningar á daglegum fjölda smita né innlagna á sjúkrahús vegna COVID-19 (<https://www.folkhalsomyndigheten.se/smittskydd-beredskap/utbrott/aktuella-utbrott/covid-19/statistik-och-analyser/statistik-over-registrerade-vaccinationer-covid-19/>). Þátttaka í bólusetningu í Svíþjóð gegn COVID-19 er hins vegar heldur minni en á Íslandi og í Noregi en líklegt er að fleiri hafi smitast fyrr í í faraldrinum af COVID-19 í Svíþjóð og betra náttúrulegt ónæmi sé því í sænsku samfélagi. Afleiðingar af afléttingu aðgerða eru þannig ekki að fullu komnar fram þar sem að einungis rúmlega tvær vikur eru liðnar frá afléttingu þeirra.
- d. Í *Finnlandi* eru enn töluverðar samfélagslegar takmarkanir í gangi vegna COVID-19 en stefnt er að afléttingu allra takmarkana þegar þátttaka í bólusetningu hefur náð 80% (<https://valtioneuvosto.fi/en/information-on-coronavirus/lifting-of-restrictions>). Þar hefur daglegum fjölda tilfella fjölgað talsvert sl. 3 vikur eða frá rúmlega 300 upp í rúmlega 600 án þess að fleiri hafi þurft að leggjast inn á sjúkrahús (<https://thl.fi/fi/>).
- e. Í *Englandi* var mörgum samfélagslegum takmörkunum aflétt í júlí 2021. Þar hefur náðst að full bólusetja um 78% allra 12 ára og eldri en þrátt fyrir það hefur greindum smitum fjölgað umtalsvert undanfarnar vikur þrátt fyrir að færri sýni séu tekin á hverjum degi (<https://coronavirus.data.gov.uk/>). Einnig hefur innlögnum á sjúkrahús fjölgað sem og dauðsföllum af völdum COVID-19.

#### 5. Samantekt á faraldsfræði COVID-19.

Faraldsfræði COVID-19 faraldursins í dag er um margt ólík þeirri sem sást fyrr í faraldrinum. Helst ber að nefna að delta afbrigði kórónaveirunnar er meira smitandi en fyrri afbrigði veirunnar og veldur útbreiddari sýkingum meðal yngri barna. Þau bóluefni sem nú eru í notkun koma ekki fyllilega í veg fyrir smit en eru greinilega áhrifarík til að koma í veg fyrir alvarleg veikindi. Þrátt fyrir það geta alvarleg veikindi sést hjá full bólusettum einstaklingum og við mikla útbreiðslu smita þá getur fjöldi alvarlegra veikra fullbólusetttra og óbólusetttra einstaklinga orðið það mikill að alvarlegt ástand skapist á sjúkrahúsum landsins. Þetta kom berlega í ljós hér á landi sl. sumar eftir að öllum takmörkunum vegna COVID-19 var aflétt og vísbendingar eru um slíkt hið sama í nálægum löndum. Þó að tekist hafi að full bólusetja 75% landsmanna og tæplega 90% allra 12 ára og eldri, þá er ekki hægt að segja að ónæmi í samfélaginu gegn kórónaveirunni sé orðið það mikið að lítil sem engin hætta sé á útbreiddu smiti.

Þar sem að engin merki eru um að COVID-19 sé að hverfa úr heiminum þá verður það mikil áskorun fyrir íslensk stjórnvöld á komandi misserum að takast á við COVID-19 án þess að skerða réttindi almennings ekki um of.

Helstu leiðir til að fást við COVID-19 eru að mínu mati eftirfarandi:

- Auka getu sjúkrahúsa/Landspítala til að fást við COVID-19, þ.á.m getu til að sinna alvarlega veikum sjúklingum á gjörgæsludeildum.
- Takmarka útbreiðslu kórónaveirunnar í samfélaginu með samfélagslega aðgerðum í samræmi við getu/þol sjúkrahúsa/Landspítala. Ávallt skuli þó hafa aðgerðir eins lítið íþyngjandi og kostur er.
- Auka þátttöku í bólusetningu gegn COVID-19 eins og hægt er. Á þessari stundu er hins vegar vandséð hvernig eigi að auka hana frekar frá því sem nú er.

**Ég tel að heilbrigðisráðherra og stjórnvöld standi nú frammi fyrir þremur kostum hvað varðar sóttvarnaaðgerðir innanlands vegna COVID-19. Sóttvarnalæknir er reiðubúinn til að koma með nánari útfærslu á tillögum að sóttvarnaráðstöfunum varðandi þann valkost sem verður valinn verði þess óskað:**

**1. Full aflétting allra sóttvarnaaðgerða.**

Í umræðum undanfarið hefur talsvert verið kallað eftir fullri afléttingu allra takmarkandi aðgerða hér á landi líkt og gert var sl. sumar og gert hefur verið í nokkrum nágrannalanda okkar. Ef þessi leið verður farin þá er hollt að hafa þær afleiðingar í huga sem við sáum í kjölfarið á slíkum afléttingum sl. sumar. Við þurfum því að vera undir það búin að sjá fjölgun á greindum tilfellum og alvarlega veikum einstaklingum sem þurfa á spítalavist að halda. Mikilvægt er því að hafa álagspól Landspítalans til hliðsjónar við slíka ákvörðun.

**2. Aflétting sóttvarnaaðgerða að hluta.**

Fram til þessa hefur sóttvarnaaðgerðum verið aflétt í hægum skrefum og hefur það í flestum tilfellum reynst vel. Í nýlegu minnisblaði forsvarsmanna Landspítala dags. 15.10.2021 til heilbrigðisráðuneytisins var álagspól og áhættumat spítalans reifað. Þar kom fram að spítalinn getur tekið við fleiri covid sjúklingum en nú liggja þar inni þó að svigrúmið virðist lítið. Það liggur því beint við að álykta sem svo að nú sé tími til afléttinga þó að mönnum kunni að greina á um hversu miklar þær eigi að vera. Aflétting að hluta mun líklega leiða til einhverrar fjölgunar á daglegum smitum og einnig fjölda þeirra sem þurfa á innlögn á sjúkrahús að halda. Sá fjöldi yrði þó að líkindum minni en ef gripið yrði til afléttinga á öllum sóttvarnaaðgerðum.

Afléttingar að hluta á þessari stundu geta t.d. að mínu mati falist í eftirfarandi:

- a. Földamörk færð upp í 1.000-2.000 manns. Áfram væri hægt að sækja um undanþágu fyrir fjölmennari viðburði með notkun hraðgreiningaprófa.

- b. Almennri grímuskyldu yrði aflétt og hún gerð valkvæð. Skynsamlegt yrði hins vegar að hafa grímuskyldu þar sem að viðkvæmir einstaklingar eru til staðar eins og t.d. á sjúkrastofnunum og hjúkrunarheimilum.
- c. Skráningarskylda yrði afnumin á viðburðum og veitingahúsum.
- d. Óbreytt nándarregla almennt en með undanþágum eins og þeim sem nú eru í gildi.
- e. Opnunartími kráa og skemmtistaða yrðu rýmkaðir t.d. til kl. 01:00. Hafa ber þó í huga að sennilega er mesta smithættan á krám og skemmtistöðum.
- f. Smitrakning verði áfram með óbreyttu sniði en endurskoðaðar yrðu reglur um sóttkví, smitgát og einangrun.

### 3. Óbreyttar sóttvarnaaðgerðir.

Núverandi sóttvarnaaðgerðir hafa leitt til þess að faraldurinn hér helst í nokkru jafnvægi þar sem 20-60 tillfelli greinast á hverjum degi en innlögnum á Landspítala hefur farið fækkandi. Vísbendingar eru þó uppi um að daglegum smitum sé heldur að fjölga og kann það að leiða til fjölgunar innlagna. Ástæða þessarar þróunar er ekki ljós en líklegt er að meðferðarheldni við núverandi sóttvarnaaðgerðir hafi farið minnkandi vegna vaxandi ópols í samfélaginu. Það má því teljast ólíklegt að sátt náist um að hafa sóttvarnaaðgerðir óbreyttar.